

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 94/1979. **Alexander Sigurðsson**  
(Jón E. Ragnarsson hrl.)  
gegn  
**Hilmari Ingimundarsyni**  
(sjálfur).

Víxilmál. Málsástæður. Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1978, og var það þingfest 1. desember s. á. Í þinghaldi 8. janúar 1979 varð útivíst af hálfu áfrýj-anda, og gekk útivistardómur í málinu samdægurs. Áfrýj-andi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 16. maí 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst sýknu af kröf-um stefnda og að fjárnámsgerð sú, sem framkvæmd var 16. janúar 1979 í eigninni Sogavegi 138, verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að víxill sá, sem málið varðar, sé falsaður. Málsaðild stefnda er eigi vefengd. Hins vegar teflir áfrýjandi fram þeirri máls-ástæðu, eins og í héraði, að framangreindur víxill hafi verið gefinn út í júlímánuði 1976, en ekki 1. apríl 1978, eins og greint sé á víxlinum. Víxillinn skyldi greiðast við sýn-ingu, og var hann sýndur til greiðslu 17. apríl s. á. og af-sagður sama dag vegna greiðslufalls.

Sú varnarástæða áfrýjanda, að ritaður hafi verið annar útgáfudagur á víxlinn en heimilt hafi verið gagnvart sér, kemst ekki að í máli þessu gegn andmælum stefnda, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Afsögn víxilsins fór fram með réttu móti, þ. e. innan árs frá tilgreindum útgáfudegi, sbr. 1. mgr.

34. gr. laga nr. 93/1933. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Í áfrýjunarstefnu er framangreindri fjárnámsgerð áfrýjað án þess að greint sé, í hvaða skyni áfrýjað sé eða hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Er það andstætt brýnu boði 3. töluliðs 2. málsg. 34. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður því að visa kröfu áfrýjanda um niðurfellingu fjárnámsgerðar sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Alexanders Sigurðssonar, er visað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hilmar Ingimundarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1976.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. maí sl., á hendur Alexander Sigurðssyni, Krummahólum 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað svo og málskostnað, þ. m. t. löghaldskostnaður, að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt krefst hann staðfestingar löghalds, sem gert var í eign stefnda, fasteigninni að Sogavegi 138, Reykjavík, fyrir tildæmdum kröfum.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

## II.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 1.000.000, útgefnum og áböktum af Sveini Gústafssyni, Hrafnhólum 4, Reykjavík, 1. apríl 1978 og samþykktum af stefnda, Alexander Sigurðssyni, til greiðslu við sýningu, en víxillinn hafi verið sýndur og afsagður sökum greiðslufalls hinn 17. apríl 1978. Stefnandi hafi fengið víxilinn afhentan eyðuframsali. Hinn 23. maí 1978 hafi verið gert löghald í eign stefnda að Sogavegi 138, Reykjavík, til tryggingar stefnukröfum.

## III.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í greinargerð stefnda, sem lögð var fram á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. júní 1978, rökstuddi stefndi sýknukröfur sínar þannig, að víxill sá, er væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, væri falsaður, þ. e. falsað skjal í merkingu 155. gr. laga nr. 19/1940. Kvaðst hann mundu „staðfesta það og sanna, er rannsókn hefst á kæru hans til sakadóms Reykjavíkur og beiðni um rannsókn á afbroti skjalafalsarans og hlutdeildarmanns hans eða hlutdeildarmanna í því,“ eins og segir í greinargerð hans.

Við munnlegan flutning málsins, sem fram fór 13. október sl., bar stefndi fram þær málsástæður, sem ekki höfðu komið fram áður undir rekstri málsins, að mál þetta væri höfðað af röngum aðilja, þar eð Sveinn Gústafsson, útgefandi víxilsins, hefði borið það við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann væri eigandi umrædds víxils, en ekki stefnandi máls þessa, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður. Væri því um að ræða varnarástæðu í víxilmáli samkv. a tl. 208. gr. laga nr. 85/1936 og ætti að leiða til þess, að stefndi yrði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá hélt stefndi og fram þeirri málsástæðu við flutning málsins, að stefndi kannaðist að vísu við nafnritun sína sem samþykkjanda á víxlinum, en kvað innihald víxileyðublaðsins að öðru leyti falsað. Þá hélt stefndi loks fram þeirri málsástæðu við flutning málsins, sem ekki hafði áður komið fram, að víxillinn hefði í raun orðið til í júlímánuði 1976, ef marka mætti vætti Sveins Gústafssonar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 26. september 1978, sem fram kæmi í dómskj. nr. 8. Víxillinn hafi eigi verið sýndur til greiðslu fyrr en í apríl 1978. Hafi þá verið löngu liðinn sá 1 árs sýningarfrestur, sem um sýningarvixla gildi.

Ætti þetta einnig að leiða til þess, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi mótmælti þeim málsástæðum, sem stefndi hafði borið fyrir sig við flutning málsins, sem of seint fram komnum og efnislega.

#### IV.

Með bréfi, dagsettu 30. júní 1978, reit stefndi, Alexander Sigurðsson, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Hallvarði Einvarðssyni, bréf, þar sem hann beiddist opinberrar rannsóknar á því, hvernig skjal það, sem væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, hefði til orðið. Fer bréfið hér á eftir:

„Reykjavík, 30. júní 1978.

Herra rannsóknarlögreglustjóri, Hallvarður Einvarðsson.

Ég undirritaður, Alexander Auðunn Sigurðsson, Krummahólum 6 í Reykjavík, leyfi mér hér með að leita til embættis yðar vegna málefnis þess, er nú skal greina:

#### I.

Hinn 1. þ. m. þingfesti Hilmar Ingimundarson, hrl., Ránargötu 13, hér í borg, mál á hendur mér á bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu víxilskuldar með vöxtum og kostnaði og jafnframt til staðfestingar á löghaldi, sem gert var í Sogavegi 138, hér í borg. — Í stefnu málsins lýsir stefnandi, Hilmar, málavöxtum á þessa leið:

„Skuld þessi er skv. víxli að fjárhæð kr. 1.000.000, útg. og ábektum af Sveini Gústafssyni, Hrafnhólum 4, Reykjavík, 1. apríl 1978 og samþykktum af stefnda, Alexander Sigurðssyni, til greiðslu við sýningu, en víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 17. apríl 1978. Stefnandi fékk víxilinn afhentan eyðuframsali. Hinn 23. maí 1978 var gert löghald í eign stefnda, að Sogavegi 138, Reykjavík, til tryggingar stefnukröfum.“

#### II.

Nú er svo ástatt, að ég hefi aldrei á æfi minni samþykkt víxil útgefinn af Sveini þessum Gústafssyni. Nefndur Sveinn var á tímabilinu júní 1975 til ágúst 1976 framkvæmdastjóri með prókúruumboði fyrir Stálvirkjann h/f, en ég var á sama tíma formaður stjórnar félagsins. Í ágúst 1976 komst það upp, að Sveinn hafði dregið sér verulegar fjárhæðir úr sjóði félagsins og meðal annars ritað nafn mitt í heimildarleysi og auðgunarskyni undir

eina tékkávísun a. m. k. á bankareikning félagsins. Einnig kom í ljós, að hann hafði ráðstafað ýmsum viðskiptavíxlum félagsins á óheiðarlegan hátt, félaginu til tjóns, en sjálfum sér í hag.

### III.

Það er því eindregin ósk mín og raunar krafa, að þér, herra rannsóknarlögreglustjóri, látið fram fara réttarrannsókn á því, hvernig skjal það er til orðið, sem Hilmar Ingimundarson kallar víxil og notar til málssóknar á hendur mér í framangreindu bæjarþingsmáli nr. 1137/1978.

Að rannsókn yðar lokinni verður væntanlega höfðað refsímál á hendur nefndum Sveini og hlutdeildarmanni hans eða hlutdeildarmönnum fyrir skjalafals í merkingu 155. gr. alm. hegningarlaga.“

### V.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 1. júní 1978. Stefndi fékk þá greinargerðarfrest til 22. júní 1978. Skilaði stefndi greinargerð þann dag, og fór málið þá til yfirborgardómara til úthlutunar, og fékk Hrafn Bragason borgardómari það til meðferðar. Var málið boðað til munnlegs flutnings þriðjudaginn 12. september 1978. Er málið skyldi flutt, lagði umboðsmaður stefnda fram bréf umbjóðanda síns til rannsóknarlögreglu ríkisins, það er að framan greinir. Ákvað dómariinn þá með tilvísun til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta málinu ex officio til málflutnings til 26. september 1978, þar sem fram hefði komið kæra um refsivert athæfi, er varðaði vörn, sem kæmist að í víxilmáli.

Vegna fjarveru Hrafns Bragasonar borgardómara, sem upphaflega hafði fengið mál þetta til meðferðar, var undirrituðum fulltrúa falin meðferð þess. Er mál þetta skyldi flutt hinn 26. september 1978, lágu ekki fyrir niðurstöður rannsóknar rannsóknarlögreglu ríkisins á því, hvernig víxill sá, sem er grundvöllur málssóknar þessarar, hefði til orðið, og ákvað dómariinn þá að fresta málinu til munnlegs flutnings til 10. október 1978.

Er málið var tekið fyrir hinn 10. október 1978, lagði stefnandi, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, fram skýrslur rannsóknarlögreglu ríkisins um framangreind kæruatriði.

### VI.

Mál þetta er höfðað skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 sem víxilmál til greiðslu eins víxils, sem stefnandi hefur lagt fram

í málinu. Fullnægir víxill þessi í hvívetna formaskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi bar í upphafi þeirri varnarástæðu við, að nafnritun hans sem samþykkjanda á víxlinum væri fölsuð. Fór fram rannsókn á þessu kæruatriði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 15. september 1978 yfir stefnda í máli þessu, Alexander Sigurðssyni, kannaðist hann við nafnritun sína á víxlinum og því væri ekki um það að ræða, að nafn hans sem samþykkjanda á víxlinum væri falsað. Kemur málsástæða þessi því ekki frekar til álita við úrlausn máls þessa.

Eins og að framan getur, bar stefndi fram við munnlegan flutning málsins nýjar málsástæður, sem ekki höfðu áður komið fram undir rekstri málsins. Stefndandi mótmælti þeim varnarástæðum sem of seint fram komnum og efnislega. Tvær af þeim þremur málsástæðum, sem stefndi hélt fram við munnlegan flutning málsins, varða atvik, sem ætla verður, að stefnda hafi fyrst verið kunnugt um, þegar niðurstöður rannsóknarlögreglu ríkisins á kæruatriðum þeim, er að framan getur, lágu fyrir og voru lagðar fram í málinu, þ. e. í þinghaldi hinn 10. október sl. Er hér um að ræða annars vegar þá málsástæðu stefnda, að mál þetta sé höfðað af rögum aðilja, og svo hins vegar þá, að margumræddur víxill hafi verið of seint sýndur til greiðslu. Koma þær því til álita við úrlausn máls þessa. Að því er þá málsástæðu stefnda varðar, sem lýtur að því, að víxillinn sé falsaður að öllu öðru leyti en því, að samþykkjandi kannist við nafnritun sína á honum, þá er þar um málsástæðu að ræða, sem stefndi bar fram strax og hann skilaði greinargerð, þ. e. 22. júní 1978. Kemur hún því til álita við úrlausn máls þessa.

Við munnlegan flutning málsins bar stefndi í fyrsta lagi fram þá málsástæðu, að mál þetta væri höfðað af rögum aðilja. Útgefandi víxilsins, Sveinn Gústafsson, hefði borið það við yfirheyrslur, að hann væri eigandi umrædds víxils, en ekki Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, stefndandi málsins. Væri því um að ræða varnarástæðu í víxilmáli skv. a töl. 208. gr. laga 85/1936, sem leiða ætti til sýknu stefnda. Víxill sá, sem stefndandi byggir dómkröfur sínar á, er framseldur eyðuframsali af útgefandanum, Sveini Gústafssyni. Stefndandi máls þessa, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, höfðar mál þetta sem handhafi umrædds víxils og hefur lagt hann fram í málinu

með formlega löglegri heimild sér til handa. Verður hann því að teljast réttur aðili máls þessa.

Stefndi hélt því fram við munnlegan flutning málsins, að þó svo að hann kannaðist við nafnritun sína sem samþykkjanda víxilsins, þá væri innihald víxileyðublaðsins að öðru leyti falsað. Umræddur víxill er einkaskjal í merkingu 154. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hefur hvorki sannað né sennilegt gert, að innihald hans sé falsað, og verður því að líta svo á, að útgefandi hafi gefið það út og samþykkjandi samþykkt það með því efni, sem það hefur að geyma, enda vekur skjalið hvorki eftir útliti sínu né efni grun um að vera falsað.

Loks hélt stefndi því fram við munnlegan flutning málsins, að víxill sá, er væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, hefði í raun orðið til í júlímánuði 1976, en ekki 1. apríl 1978, eins og á víxilinn sé ritað. Víxillinn hafi því ekki verið sýndur innan þess eins árs frests, sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. 34. gr. laga 93/1933. Leiði þetta til þess, að stefnandi hafi glatað víxilrétti á hendur stefnda og beri að sýkna stefnda af víxilkröfum stefnanda fyrir þá sök. Tilgreining útgáfudags á víxli er einungis formskilyrði, en breytir engu um víxilréttinn. Framlagður víxill fullnægir í öllu formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933 og ber með sér útgáfudaginn 1. apríl 1978, er hann var sýndur til greiðslu 17. apríl 1978 og afsagður þann dag sökum greiðslufalls. Stefndi hefur því að lögum haldið fram víxilrétti sínum á hendur samþykkjanda.

Að framansögðu athuguðu ber að taka kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Málkostnaður, þar með talinn kostnaður vegna löghalds, þykir hæfilega ákveðinn kr. 254.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgar-dómarans í Reykjavík.

#### Dómsorð:

Staðfest er framangreint löghald í fasteigninni að Soga-vegi 138, Reykjavík, eign stefnda, Alexanders Sigurðssonar.

Stefndi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnanda, Hilmar Ingimundarsyni, kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af þeirri fjárhæð frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 254.000 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

### Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 16. janúar 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 16. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Krummahólum 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið: A 115/1979: Hilmar Ingimundarson gegn Alexander Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1137/1978. Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 3.200 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 254.000 í málkostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 7.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Skúli Sigurz. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Sogavegi 138, en staðfest löghald er í eigninni til tryggingar kröfunni. Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

---